

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag tveggja spildna úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegjar í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir tvær spildur úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegjar í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundum sínum þann 13. og 24. apríl 2002.

Skipulagið nær til tveggja spildna sunnan við Þingvallavegin að Suðurá. Á spildunni næst Þingvallavegi gerir tillagan ráð fyrir að reist verði tvö einbýlishús á tveimur afmörkuðum lóðum. Á spildunni næst Suðurá verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt hestúsi/fóður- og tækjageymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 34.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. apríl 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 34 færist til um 2,75 m til austurs og vesturs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 24. maí 2002.

Helstu breytingar eru:

Heimilt er að breyta landnotkun jarðhæða Þverholts 5-11 í íbúðir.

Breyting á húshæðum Þverholts 13 og 15. Á lóð nr. 13 má reisa fimm hæða hús ásamt niðurgrofnum kjallara. Á lóð nr. 15 má reisa fjögurra hæða hús og turnhæð.

Íbúðum í Þverholti 13 og 15 fjölgar um 9.

Breyting á lóðarmörkum Þverholts 13 og 15 vegna bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. júní 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.